

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og gjafasjóð Þórormstunguhjónanna.

Breytt skipulagsskrá, þannig samþykkt á aðalfundi Búnaðarfélags Áshrepps 19. apríl 2004.

1. Sjóðurinn heitir Minningar- og gjafasjóður Þórormstunguhjónanna.
2. Stofnendur sjóðsins voru hjónin Ásta M. Bjarnadóttir og Jón Hannesson óðalsbóndi í Þórormstungu. Stofnfé hans var kr. 4.000 (fjögur þúsund krónur), er gefendur afhentu Búnaðarfélagi Áshrepps til minningar um 50 ára búskap í Áshreppi. Bundið stofnfé sjóðsins er 3.798.253 krónur, en heildareign sjóðsins er nú, 1. apríl 2004, krónur 30.000.000.
3. Tilgangur sjóðsins skal vera sá að verðlauna bændur í Áshreppi fyrir alhliða búmenningu, svo sem í umgengni og viðhaldi jarða, meðferð búfjár, jarðrækt eða hagnýtum nýjungum á sviði búskaparins, allt eftir dómi sjóðsstjórnar.
4. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun er starfar skv. lögum nr. 19/1988. Heimili hans er heimili formanns Búnaðarfélags Áshrepps.
5. Tekjur sjóðsins eru vextir af innstæðum og arður af eignum, svo og gjafir og áheit þeirra sem vilja styrkja hann.
6. Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps er jafnframt stjórn sjóðsins og hefur umsjón með sjóðnum og reikningshaldi hans, svo og úthlutun verðlauna skv. 3. gr. Hún skal halda sérstaka gjörðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar hans, og skýrslur um verðlaunaveitingar og annað það sem sjóðinn varðar.
7. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal lagður fram til samþykktar á aðalfundi Búnaðarfélagsins, endurskoðaður af skoðunarmönnum Búnaðarfélagsins.
8. Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps úthlutar verðlaunum samkv. 3. gr., allt að $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta. Komi það fyrir að dómi félagsstjórnar að enginn sé maklegur verðlauna eitthvert ár, falla allir ársvextir til sjóðsins.
9. Verði sú breyting að Búnaðarfélag Áshrepps verði lagt niður, skal starfssvæði sjóðsins þó haldast óbreytt og skulu allir stjórnendur hans ávallt vera bændur af því svæði, og kjörnir til 3ja ára í senn.
10. Komi það í ljós að álitum stjórnarinnar, að verkefni sjóðsins sé tæmt samkv. 3. gr., er henni heimilt að bera fram breytingar á skipulagsskránni og skal það auglýst til allra félagsmanna með nægum fyrirvara. Þær einar breytingar má gera á skipulagsskránni er samþykktar eru með $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á löglegum aðalfundi félagsins. Þó skal verkefni sjóðsins ávallt vera að styðja umbætur í Áshreppi.
11. Stjórn er heimilt að leita samþykkis til að skerða höfuðstól sjóðsins vegna sérstakra verkefna sem leiða má líkur að séu til hagsbóta fyrir alla félagsmenn og aðra íbúa Áshrepps. Aldrei má þó skerða höfuðstólinn meir en sem nemur $\frac{1}{4}$ hluta hans á hverju ári. Séu slíkar tillögur á dagskrá skal þeirra getið í aðalfundarboði, og ná þær aðeins fram að ganga séu þær samþykktar með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða.
12. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á þessari skipulagsskrá, og tekur hún gildi við samþykki ráðuneytisins. Jafnframt fellur eldri skipulagsskrá sjóðsins þar með úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.